

Jarðfræðipjónusta Hauks Jóhannessonar ehf.

Borholur í Fellshreppi (4906), Óspakseyrarhreppi (4907) og Bæjarhreppi (4908) á Ströndum



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2011/019

Júní 2011

Inngangur

Í þessari greinargerð er farið yfir þekktar borholur í Fells- og Óspakseyrarhreppum og Bæjarhreppi á Ströndum. Þær eru 16 að tölu. Ein hola er í Fellshreppi og ein í Óspakseyrarhreppi. Fjórtán holur eru í Bæjarhreppi og er ein þeirra skauthola (LÁ-01) og fjórar eru mannvirkjaholur í Bláhæð á Holtavörðuheiði (HVH-01, HH-01, HH-02 og HH-03). Holtavörðuheiði var áður hluti af Melum en er nú hreppseign. Ekki var leitað að mannvirkjaholunum. Hverri borholu fylgir stutt lýsing og ljósmynd. Staðsetningar ásamt öðrum upplýsingum eru í 1. töflu og aftast eru einföld kort yfir holurnar (myndir 13 til 17).

1. tafla. *Staðsetningar og aðrar upplýsingar um borholur í Fells- og Óspakseyrarhreppum hinum fornu og Bæjarhreppi á Ströndum.*

Staðarnúmer	Holunúmer	Lögbýli	Dýpi í m	Borár	N-hnit	V-hnit
41501	LF-01	Litla-Fjarðarhorn	350	1971	65° 33.760	21° 29.437
41521	ÞV-01	Þambárvellir	252	2008	65° 27.234	21° 23.888
41511	KÁ-01	Kolbeinsá	60	1999	65° 26.173	21° 13.737
41801	BE-01	Borðeyri	82,2	1964	65° 13.058	21° 06.470
41802	BE-02	Borðeyri	121,6	1965	65° 13.058	21° 06.468
41803	BE-03	Borðeyri	93	1998	65° 13.049	21° 06.443
41804	BE-04	Borðeyri	63	1998	65° 12.976	21° 06.478
41805	BE-05	Borðeyri	63	1998	65° 13.145	21° 06.463
41806	BE-06	Borðeyri	111	1998	65° 13.055	21° 06.503
41807	BE-07	Borðeyri	123	1999	65° 13.053	21° 06.541
41808	BE-08	Borðeyri	456	2000	65° 13.055	21° 06.500
41531	LÁ-01	Laxárdalur	39	2009		
41811	HVH-01	Afréttarland	34	1958	64° 59.739	21° 04.373
41851	HH-01	Afréttarland				
41852	HH-02	Afréttarland				
41853	HH-03	Afréttarland				

Fellshreppur

LF-01 - Litla-Fjarðarhorn

Borhola LF-01 er neðst í hlíðinni ofan við fjárhúsin í Litla-Fjarðarhorni. Hún er í um 300 metra fjarlægð frá bænum. Frá henni liggur slanga en ekki er vitað hvert hún fer. Holan er ekki nýtt í dag en í henni er allt að 40°C heitt vatn. Holan er í góðu ásigkomulagi. (1. mynd)



1. mynd. Borhola LF-01 í Litla-Fjarðarhorni. Bærinn í baksýn.

Óspakseyrarhreppur

PV-01 - Þambárvellir

Borhola PV-01 er skammt frá Lauginni sem er á mel norðan við Þambá. Holan er liðlega 600 metra frá bænum. Þetta er skáhola með 10° halla. Holan er í góðu standi og rennur upp úr henni um 25°C heitt vatn sem ekki er nýtt. (2. mynd)



2. mynd. Borhola PV-01 á Þambárvöllum. Bærinn í baksýn.

Bæjarhreppur

KÁ-01 - Kolbeinsá

Borhola KÁ-01 er um 200 metra sunnan við Kolbeinsárbæinn. Hún er á litlu klapparholti fast við þjóðveginn. Hún er í góðu standi. (3. mynd)



3. mynd. Borhola KÁ-01 á Kolbeinsá.

BE-01 - Borðeyri


Borhola BE-01 er í skurði skammt austan við dæluhúsið. Holan er í vesturbakka skurðarins. Hún virðist vera í sæmilegu standi. (4. mynd)



4. mynd. Borhola BE-01 á Borðeyri.

BE-02 - Borðeyri

Borhola BE-02 er í eins metra fjarlægð frá BE-01 og í miðjum skurðinum. Hún er austan við BE-01. Óvíst er hvert ástand hennar er enda að mestu á kafi. (5. mynd)



5. mynd. Borhola BE-02 á Borðeyri.

BE-03 - Borðeyri

Borhola BE-03 er sunnan við slóðann upp að dæluhúsinu og stendur stálrör um 1,5 metra upp úr jörðinni. Holan er opin. Hún er um 25 metra suðaustan við holur BE-01 og BE-02. (6. mynd)



6. mynd. Borhola BE-03 á Borðeyri.

BE-04 - Borðeyri


Borhola BE-04 er um 110 metra suðvestur af íbúðahúsinu Laugarholti og er upp í hallinum. Holan er í góðu ásigkomulagi og sést langt að þegar hún ber við himin. (7. mynd)



7. mynd. Borhola BE-04 á Borðeyri. Laugarholt í baksýn.

BE-05 - Borðeyri

Borhola BE-05 er um 160 metrum norðar en holur BE-01 og BE-02. Hún er norðan og neðan þjóðveggarins í gamalli malarnámu sem búið er að slétta. Holan er í góðu standi en sést ekki vel. (8. og 9. mynd)



8. mynd. Borhola BE-05 á Borðeyri. Horft í suður.



9. mynd. Borhola BE-05 á Borðeyri. Horft til austurs yfir Hrítafjörð.

BE-06 - Borðeyri

Borhola BE-06 er skammt frá vinnsluholunni BE-08. Á milli þeirra er 1,5 metri. Holan er að sökkva undir ruðning vegna framkvæmda á svæðinu. Hún er annars í góðu ásigkomulagi. (10. mynd)



10. mynd. Borhola BE-06 á Borðeyri. Grunnur að dæluhúsi í baksýn.

BE-07 - Borðeyri

Borhola BE-07 er um 30 metra beint vestur af vinnsluholunni BE-08 og upp í hlíðarhallanum. Holan er í góðu ásigkomulagi. (11. mynd)




11. mynd. Borhola BE-07 á Borðeyri. Laugarholt í baksýn.

BE-08 - Borðeyri


Borhola BE-08 er vinnsluhola sem nýtt verður fyrir hitaveitu á Boreyri. Búið er að setja plastturn utan um holutoppinn og lagnir frá henni í dæluhús sem verið er að reisa. Holan verður nýtt fyrir hitaveitu sem verið er að leggja á Borðeyri. (12. mynd)



12. mynd. Borhola BE-08 á Borðeyri.



13. mynd. Staðsetning borholu LF-01 í Litla-Fjarðarhorni í Kollafirði.




14. mynd. Staðsetning borholu ÞV-01 á Þambárvöllum í Bitrufirði.



15. mynd. Staðsetning borholu KÁ-01 á Kolbeinsá í Bæjarhreppi.



16. mynd. Staðsetning borholna á Borðeyri í Bæjarhreppi.



17. mynd. Staðsetning holu HVH-01 á Holtavörðuheíði.